

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Tyrklandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum þeirra, frá Tyrklandi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi ekki aflatoxín B1 né önnur aflatoxín.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunin eru frá Tyrklandi:

- Fíkjur og þurrkaðar fíkjur sem falla undir tollskrárnúmer 0804.2000
- Heslihnetur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.2100 eða 0802.2200
- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000
- Blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum sem falla undir tollskrárnúmer 0813.5001 og 0813.5009
- Unnar afurðir úr heslihnetum, fíkjum og pistasíum, þ.m.t. blöndur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjendur framvísa vottorði frá opinberum aðilum um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

4. gr.

Ef vörur sem um getur í 3. gr. eru hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram vottorð frá opinberum eftirlitsaðila um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu vörurnar teknar af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á Star anise (*illicium anisatu*) frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja inn matvæli sem innihalda afbrigði af star anise sem þekkt er undir nafninu Japanese star anise (*illicium anisatum*, einnig þekkt sem *illicium religiosum*, *illicium japonicum*, *shikimmi* og *skimmi*). Jurtin er eitruð og ekki hæf til neyslu.

Heimilt er að flytja inn star anise (*illicium verum*), einnig þekkt sem Chinese star anise eða Chinese badian sem er neysluhæf vara og notuð er í matvæli að því tilskyldu að innflytjendur framvísi vottorði frá opinberum aðila um að varan innihaldi ekki *illicium anisatum*.

Illicium anisatum og *illicium verum* falla undir tollskrárnúmer 0909.1000 og 0909.1009.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram staðfestingu skv. 2. mgr. 3. gr. Geti innflytjandi ekki staðfest að varan innihaldi ekki *illicium anisatum* skal hún tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.